

Hestamannafélagið Sprettur

Fundargerð stjórnar 21.2.2013. Fundur nr.1; haldinn í gamla félagsheimili Andvara

Mættir voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson formaður, Guðmundur Hagalínsson gjaldkeri, Þorvaldur Sigurðsson varaformaður, Hermann Vilmundarson meðstjórnandi, Brynja Viðarsdóttir meðstjórnandi, Hannes Hjartason meðstjórnandi og Ingibjörg G. Geirsdóttir Ritari.

- Sveinbjörn sagði að við þyrftum að huga að logói og hann fékk tilboð frá Gunnari Steini Pálssyni fyrir kr. 200.000.- sem er mjög vel boðið.
- Ákveðið var að láta reiðskemmuna-höllina gömlu heita Andvarahöllin fyrir kennileiti á svæðinu.
- Ingibjörg G. Geirsdóttir sagði frá því að hún mætti á stofnun Kópavogsstofu ses í hádeginu og sá fundur var mjög fróðlegur.
- Ákveðið var að tengja og hengja upp staura á nýja velli í sjálfboðavinnu og Jóhann Baldursson stjórnar því verki og við spörum okkur mikla peninga.
- Við fengum boð um að taka þátt í Hestadögum, Hermann ætlar að sjá um það og mæta á þriðjudag á fund.
- Umsk þing er 28. febrúar og verður Hestamannafélagið Sprettur samþykkt inn, Sveinbjörn, Hermann, Þorsteinn ... mæta og reyna að fá með sér 3 aðra.
- Félagsgjöldin verða send út fljótlega og Guðmundur sendir bréf þess efnis að allir félagar hjá gamla Andvara og Gusti eru sjálfkrafa nýir félagar í Hestamannafélaginu Sprett og borga þarf fyrirapríl að öðrum kosti fellur fólk út af félagskrá.
- Á næsta stjórnarfundi sem verður miðvikudaginn 27. Febrúar kl: 16.30 verða nefndir kallaðar til og reynt verður fyrir þann tíma að manna allar nefndir.

- Umhverfisnefnd verður kölluð á fundinn kl: 16.30 og það þarf að taka vel á hlutunum þar varðandi drasl og fleira á svæðinu, eins og Hulda G. Geirsdóttir talaði um á aðalfundi, og varðandi vandamál við taðhreinsun.
- Hermann talaði við Grétar hjá áhaldahúsinu varðandi gám undir hrossaskít en erfitt er að losa sig við skít sem er sópað upp utandyra og hann kom með hugmynd um að hægt væri að vera með gám sem félagsmenn bera ábyrgð á og væri kostnaður settur í fasteignagjöld en þetta gæti orðið erfitt í framkvæmd. Svo er það spurning hvort eigi að leyfa heyrúllur utandyra eða hafa sér svæði undir þær. Heysalar gætu leigt svæði og keyrt til hestamanna.
- Næst verður kölluð til mótanefnd kl: 17.00 og það þarf að taka fyrir ósk þeirra að allir í nefndinni og aðstandendur verði á fríu keppnisgjaldi. Að sjálfsögðu er ekki frí keppnisgjöld fyrir mótanefnd né aðra.
- Firmanefnd er ekki til en við köllum til fundar gömlu formenn firmanefnar hjá Gusti og Andvara.
- Heimasíða: það þurfa að vera minnst 3 aðilar sem sjá um hana og hafa jafnan aðgang að henni og facebook eins þurfa þessir aðilar að hafa eitt email sem þeir nota allir og einn sem er ábyrgðarmaður á þessu öllu. Stjórn stakk uppá að Guðjón Gunnarsson, Hulda Jóhannsdóttir og Jónína Vilhjálmsdóttir myndur sjá um heimasíðurnar. Það sem þarf að passa er að það væri hægt að skoða gömlu síðurnar, taka efni af þeim yfir á sprett og búa til póstlista.
- Ákveðið var að framkvæmdarnefndin væri innan stjórnar og í henni væri Sveinbjörn, Þorvaldur, og Hermann. Þetta var ákveðið vegna þess að það þarf að taka ákvarðanir á mjög

stuttum tíma vegna framkvæmda á svæðinu og það geta ekki allir mætt á sama tíma á fund og oft þarf að funda í hádeginu.

- Það vantar gott fólk í skemmtinefnd, vonandi verður hún til áður en nýja reiðhöllin verður vígð.
- Reiðskóli í Andvara: við þurfum að huga vel að þeim efnum, Hermann taldi að við gætum haft tekjur af leigu á aðstöðu þar.

Fundi slitið.

Ritari Ingibjörg G. Geirsdóttir